

## **Reglur um námsmat, mætingu og hámarkseiningafjölda við**

### **Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands**

*Samþykktar á deildarfundum 20. september 2012*

#### **1. gr.**

Kennara er heimilt að meta verkefni úr námskeiði sem stúdent er endurinnritaður í, svo fremi sem nemandi hafi fengið 7,5 eða hærra og skipulag og inntak námskeiðsins sem og eðli verkefnanna hafi ekki breyst að neinu ráði.

Stúdent er ekki heimilt að endurvinnna verkefni og halda fyrri prófseinkunn í námskeiði sem hann endurinnritast í.

#### **2. gr.**

Til að standast próf í félagsráðgjöf verður stúdent að hljóta minnst lokaeinkunnina 5,0 þegar allir námsmatsþættir hafa verið vegnir. Heimilt er að krefjast lágmarkseinkunnar í einstökum námsmatsþáttum en skal það vera skýrt tekið fram í kennsluáætlun og kennsluskrá. Lokaeinkunn til BA-prófs í félagsráðgjöf skal reiknuð sem vengið meðaltal einkunna úr einstökum námskeiðum.

Skv. 57 gr. reglna HÍ er ekki heimilt að gangast oftari en tvisvar sinnum undir sama prófi í námsgreinum. Falli stúdent tvisvar sinnum á prófi í sömu námsgrein getur hann sótt um undanþágu til deildar fyrir próftöku í þriðja sinn.

#### **3. gr.**

Stúdentar skulu ávallt skila verkefnum rafrænt á heimasvæði námskeiðs í Uglu. Kennara er auk þess heimilt að óska eftir því að nemendur skili einnig inn prentuðu eintaki.

#### **4. gr.**

Geti stúdent ekki sótt tíma ber hann sjálfur ábyrgð á að afla upplýsinga sem hann kann að hafa farið á mis við. Umsjónarkennurum er heimilt að gera kröfu um mætingarskyldu í einstökum námskeiðum eða tilteknum hluta þeirra enda skal þess getið í kennsluskrá.

#### **5. gr.**

Í samræmi við 48. gr. reglna HÍ nr. 569/2009 getur stúdent með fyrstu eða ágætiseinkunn óskað eftir leyfi deildarskrifstofu að skrá sig í fleiri en 40 ECTS einingar á misseri.